

**Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 20. maí 2009 kl.  
17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.**

Mætt voru: Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu, Siggeir Stefánsson oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Nanna Steina Höskuldardóttir og Árni Davíð Haraldsson, Sigurður Jóhannes Jónsson.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Oddviti óskaði eftir að bæta við áður útsenda dagskrá undir 4.lið „til afgreiðslu“ Sala á bifreið Langanesbyggðar (Landcruiser), tilnefning í eftirtaldir stjórnir Drekasvæðið ehf. Héraðsnefnd. Samþykkt samhljóða

**DAGSKRÁ:**

**1 Ársreikningur Langanesbyggðar - Seinni umræða**

*Ársreikningurinn borin upp og samþykktur samhljóða..*

**2 Fundargerðir nefnda og ráða.**

- Hreppsnefnd 7.05.2009(Lögð fram)
- Hreppsnefnd aukafundur 16.05.2009 (Lögð Fram)
- USB nefnd 08.05.2009(Til samþykktar)  
*Samþykkt samhljóða*
- USB nefnd 13.05.2009 (Til Samþykktar)  
*Samþykkt samhljóða*
- ÍTN 13.05.2009 (Til Samþykktar)  
*Samþykkt samhljóða*

**3 Skýrsla sveitarstjóra.**

**4 Innsend erindi.**

**Til kynningar:**

- Samantekt eftir samráðsfund sveitarfélaga um efnahagsvandann
- Samningur milli Heilbrigðisstofnunar og Slökkviliðs Langanesbyggðar
- Stefnumörkun Samband íslenskra sveitarfélaga 2009 - 2010

**Til afgreiðslu:**

- **Landgræðsla Ríkisins – Ósk eftir framlagi**  
*Erindinu vísað til Landbúnaðarnefndar til umsagnar.*
- **Starfsmannamál – Anna Þorsteinsdóttir**  
*Árni Davíð Haraldsson og Hilma Steinarsdóttir vikja af fundi Hreppsnefnd samþykkir að samningur sem gerður var við Önnu Þorsteinsdóttur haldist enda verði hún að vinna að veigamiklu verkefni sem umsjónarmaður framhaldskóladeildar jafnframt samþykkir hreppsnefnd að hún haldi húsnæðinu út næsta skólaá. Árni Davíð Haraldsson og Hilma Steinarsdóttir koma aftur á fundinn.*
- Aðalfundarboð AP 5. Júní  
*Samþykkt að Sveitarstjóri fari á fundinn*
- **Sala á Toyota Lancruser.**  
*Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að setja Landcruiser bifreið sveitarfélagsins á sölu.*
- **Tilnefning í stjórn Drekasvæðis ehf.**  
*Tillaga um Gunnólf Lárusson sveitarstjóra sem aðalman og Siggeir Stefánsson sem varamann, tillagan samþykkt samhljóma.*
- **Tilnefning í Héraðsnefnd**  
*Tillaga um Gunnólf Lárusson sveitarstjóra sem aðalman og Þórir Jónsson sem varamann, tillagan samþykkt samhljóða.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40

